

Tillögur að aðal- og deiliskipu- lagsbreytingum

12. maí 2022



Skipulagsauglýsingar



Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa tvær breytingar á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, skv 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og tvær breytingar á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

Miðsvæði 116-M – aðalskipulagsbreyting

Breytingin felur í sér fjölgun leyfilegra íbúða á miðbæjarsvæði 116-M, úr 386 í 750, gerð með uppfærslu á töflu um íbúðarbyggð í greinargerðar gildandi aðalskipulags. Í stað hefðbundinna íbúða koma þjónustuíbúðir tengdar dvalarheimili Eirar að Hlaðhömrum. Tillagan er framsett sem breyting á töflu.

Pdf

Miðsvæði 116-M - Aðalskipulagsbreyting



Miðsvæði 401-M – aðalskipulagsbreyting

Breytingin felur í sér uppfærslu á töflum á bls. 31 og 40 í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Uppfærðar eru fjöldatölur eigna á bls. 31, bætt er við línu fyrir 401-M og heildarfjöldi skilgreindur sem 33 innan svæðis. Einnig eru lýsing og skipulagsákvæði svæðis á bls. 40 uppfærð. Upplýsingum um íbúðir er bætt við skipulagsákvæði.

Pdf

Miðsvæði 401-M - Aðalskipulagsbreyting



Bjarkarholt 1, 2 og 3 – deiliskipulagsbreyting

Breyting verður á lóðum og lóðamörkum, annarsvegar lóð fyrir íbúðabyggingar og svo lóð fyrir miðbæjargarð og veitingarskála. Í stað 44 hefðbundinna íbúða koma 150 minni þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Megin þorri bílastæða verða í bílakjallara, en 32 stæði verða á lóð. Gerðar eru breytingar á legu og stærð miðbæjargarðs.

Pdf

Bjarkarholt 1, 2 og 3 - Deiliskipulagsbreyting



Pdf

Bjarkarholt 1, 2 og 3 - Skuggavarp

**Sunnukriki 3, 5 og 7 – deiliskipulagsbreyting**

Verið er að gera breytingar á töflu í greinargerð gildandi skipulags. Þar sem fjöldi eigna og hlutfall fjölbýlis í kafla 3.1 breytist úr 83 íbúðum á 5 lóðum í 116 íbúðir á 8 lóðum. Einnig eru breytingar á skilmálum lóða í kafla 4.2.

Pdf

Sunnukriki 3, 5 og 7 - Deiliskipulagsbreyting

**Athugasemdafrestur ofangreindra skipulagsmála er frá 12. maí til og með 27. júní 2022**

Gögn eru aðgengileg á vef Mosfellsbæjar og á upplýsingatorgi, 1. hæð. Þverholti 2, svo þau sem vilja geti kynnt sér tillögur og gert við þær athugasemdir. Einnig eru aðalskipulagsutillögur til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Athugasemdir skulu vera skriflegar ásamt helstu upplýsingum og kennitölu sendanda. Senda skal þær skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholt 2, 270 Mosfellsbæ eða í tölvupósti á skipulag [hja]mos.is.

12. maí 2022

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Kristinn Pálsson

**Tengt efni**